

# Foreldrahandbók



Leikskólinn Ugluklettur

Uglukletti 1

Sími: 433-7150

Netfang: [ugluklettur@borgarbyggd.is](mailto:ugluklettur@borgarbyggd.is)

Heimasíða: [ugluklettur.leikskolinn.is/](http://ugluklettur.leikskolinn.is/)

## **Ágætu foreldrar/forráðmenn**

Við viljum bjóða ykkur og barnið/börnin velkomin í leikskólann Ugluklett. Rekstraraðili leikskólans er Borgabyggð og málefni hans falla undir fræðslunefnd.

Fyrstu dagarnir í leikskólanum eru mikilvægur tími fyrir barnið að aðlagast nýjum aðstæðum. Góð samvinna við foreldra er mjög mikilvæg þannig að barnið fái notið leikskólavalarinnar eins og kostur er.

Við vonumst til að þetta sé góður leiðarvísir svo þið getið aflað ykkur upplýsinga og kynnst betur starfsemi leikskólans.

Með von um gott samstarf

Starfsfólk leikskólans Uglukletts

## **Ugluklettur**

Leikskólinn Ugluklettur er fjögurra deilda leikskóli staðsettur í útjaðri Borgarness. Starfsemi leikskólans hófst 14. ágúst 2007. Að öllu jöfnu eru 78 nemendur samtímis í leikskólanum. Leikskólinn er fyrir nemendur frá lokum fæðingarorlofs til grunnskólaaldurs.

Starfið fer fram á fjórum deildum. Skessuhorni, Baulu, Eldborg og Grábrók.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.45-16.30, virka daga. Nokkrir vistunarmöguleikar eru í boði og til þess að nýta allan opnunartíma leikskólans er boðið upp á að kaupa 15 eða 30 mínútur aukalega í byrjun eða lok dags.

Uppsagnafrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast við 1. og 15. hvers mánaðar, uppsögn þarf að vera skrifleg, einnig þegar börnin hætta vegna aldurs. Breytingar á dvalartíma er nauðsynlegt að sækja um fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar miðast við mánaðamót og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram í byrjun hvers mánaðar og er sendur út greiðsluseðill. Töflu með upplýsingum um gjaldskrá leikskólans má finna á heimasíðu leikskólans.

## **Hugmyndafræði leikskólans:**

Ugluklettur starfar eftir lögum um leikskóla frá 2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Þessu til viðbótar vinnum við eftir kenningum um jákvæða sálfræði og höfum við þróað með okkur sýn sem kallast „FLÆÐI“, byggja þær hugmyndir á kenningum Mihaly Csikszentmihalyi.

Nánar má lesa um hugmyndafræði leikskólans á heimasíðu hans; <http://ugluklettur.leikskolinn.is/>

## **Leikur, virðing og gleði eru einkunnarorð leikskólans Uglukletts:**

Í leikskólastarfinu er frjálsta sjálfsprottna leiknum gert hátt undir höfði þar sem hann er í senn náms- og þroskaleið barnsins og kennsluaðferð kennarans.

Einkunnarorð leikskólans eru leikur, virðing og gleði. Í samræmi við þau er markmiðið með opna dagskipulaginu að ná fram mikilvægi leiksins og að gefa börnunum tíma til þess að þróa hann, styðja við og efla frjálsan leik barnanna, bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum innan barnahópsins og stuðla að gleði og frjálsræði í starfinu öllu.

### **Áherslur í leikskólastarfinu**

Áhersla leikskólans er á vellíðan og jákvætt andrúmsloft unnið er að því í gegnum flæði og jákvæða sálfræði, en flæði er það ástand þar sem einstaklingurinn er svo niðursokkinn í athöfn að ekkert annað kemst að. Reynslan sjálf er svo gefandi að einstaklingurinn leggur mikið á sig til að öðlast slíka reynslu aftur. Í flæði er mikilvægt að skapa ástand þar sem geta einstaklingsins og kröfur til hans eru í jafnvægi, verkefnin mega hvorki vera of erfið né of létt. Þegar jafnvægi er á milli þessara þátta verður einbeitingin algjör og athöfnin er knúin áfram af innri þörf og vilja. Þannig verður flæðiástandið sem lærdómsríkast og einstaklingurinn nýtur þess. Það er samhengi milli þess hvernig börnin í leikskólanum og starfsfólkið upplifir flæði. Starfsfólk leikskólans spilar stórt hlutverk í því að skapa aðstæður og möguleika fyrir börnin til þess að ná fram flæði og því andrúmslofti sem við viljum hafa í leikskólanum. Starfsfólkið þarf að vera þátttakendur í því að gefa athöfnunum gildi með því að vera meðvitað um að einbeita sér og veita athöfnum barnsins athygli.

Í þeim tilgangi að auðga nám barnanna er skólanum skipt upp í stöðvar sem starfsfólk hefur umsjón með og geta börnin þannig valið sér viðfangsefni eftir áhuga sínum hverju sinni. Á stöðvunum eru starfsmenn sem halda utan um starfið á svæðinu, skipuleggja verkefni og sjá um skráningu. Utan svæðanna hafa börnin aðgang að þeim leikefnum sem leikskólinn býr yfir og geta þannig leitað í fjölbreyttan efnivið.

Ugluklettur er heilsueflandi leikskóli og lögð er áhersla á góða andlega heilsu, næringu og hreyfingu. Heilsu- og næringarstefnu leikskólans má finna á heimasíðunni okkar. Einn liður í heilsueflandi umhverfi er tannheilsa og við bendum foreldrum á að tannlækningar barna eru greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands fyrir utan 2.500 kr. árlegt komugjald og börnin þurfa að vera skráð með heimilistannlækni.

## **Opið dagskipulag**

Í Uglukletti er opið dagskipulag þar sem áherslan er á að börn nái flæði í leik og starfi.

Þegar börnin koma í leikskólann finna þau sér viðfangsefni. Þeim stendur svo til boða að fá sér morgunmat þegar þeim hentar á bilinu kl 8.10 til 8.50. Kl. 9.00 eru allir starfsmenn komnir í hús og fara á sínar stöðvar. Börnin geta haldið áfram með sín verkefni eða fundið sér ný og er opna dagskipulagið ríkjandi úti og inni fram að hádegismat. Eftir hádegismat tekur við róleg stund á öllum deildum. Að því loknu, kl. 13.00 er áframhaldandi starf, bæði úti og inni. Í kaffitímanum býðst börnunum að setjast til borðs á bilinu 14.30 - 15.00 og fá sér næringu. Eftir að hafa borðað geta þau snúið aftur til þeirra verkefna sem þau voru að vinna eða fundið sér ný viðfangsefni.

## **Matartímar**

- Í morgunmat er boðið upp á hafragraut og lýsi auk þess sem boðið er upp á ab mjólk tvisvar sinnum í viku.
- Klukkan 10.00 er ávaxtastund.
- Í hádeginu er ýmist fiskur, kjöt, grænmetisréttir, pastaréttir, súpur eða grautar.
- Grænmeti er alltaf með máltíðum.
- Ef um ofnæmi eða óþol er að ræða og barnið þarf á sérþæði að halda skal láta deildarstjóra vita. Skriflegar upplýsingar frá lækni þurfa að liggja fyrir um hvað barnið má ekki borða og áhrif þeirra matvara á barnið. Óski foreldrar eftir að barnið sé á sérþæði, án þess að læknisfræðilegar ástæður liggja að baki, mega þeir koma með matvöru á eigin kostnað í leikskólann.
- Eftir hádegismatinn eru tennur barnanna burstaðar og er það liður í verkefni Landlæknis Embættisins Heilsueflandi leikskóli.

## **Skátahúsið**

Einn liður í útikennslu Uglukletts er Skátahúsið en það er hús staðsett við Skallagrímsgarð og er það í eigu Svannasveitarinnar. Skipulag í kringum skátahúsið fer þannig fram að tveimur elstu árgöngum leikskólans er skipt í hópa og er hver hópur þar viku í senn.

Foreldrarnir mæta með börnin á morgnana í skátahúsið og taka starfsmenn leikskólans á móti þeim þar. Börnin eiga bækistöð í skátahúsinu en nýta umhverfið til útikennslu og fara í ýmiskonar vettvangsferðir. Skátahúsið er staðsett í nágrenni við Grunnskólann í Borgarnesi og nýtist nálægðin til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla með því að kynna börnunum vel umhverfi grunnskólans, en það ýtir undir öryggi í þeim aðstæðum.

Börnin borða morgun- og hádegismat í skátahúsinu og taka þau virkan þátt í undirbúningi máltíða og frágangi, en það er liður í lífsleikni. Börn og starfsfólk fara upp í Ugluklett með skólabíl úr grunnskólanum, en börnin öðlast þar reynslu í notkun skólabílsins.

## **Að byrja í leikskóla**

Leikskóladvöl barna hefst með aðlögun, mikilvægt er að góð samvinna sé á milli leikskólans og foreldra og að gagnkvæmur trúnaður ríki. Í aðlöguninni er lagður grunnur að frekara samstarfi milli starfsfólks og foreldra.

Við upphaf leikskóladvallar gefa foreldrar upplýsingar um barnið og fjölskylduaðstæður. Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef einhverjar breytingar verða, svo sem breytt heimilisfang, símanúmer eða ef fjölskylduaðstæður barnsins breytast, eða annað það sem getur haft áhrif á líðan barnsins og gott væri fyrir starfsfólk að vita.

Foreldrum er í byrjun boðaðir á sameiginlegan fund með öllum þeim foreldrum barna sem eru að byrja að hausti. Á þeim fundi er leikskólinn kynntur og hvernig staðið er að aðlögun.

Aðlögunin fer þannig fram að við nýtum okkur aðferð þáttökuáðlögunar sem byggir á hugmyndafræði um öruggir foreldrar = örugg börn. Hún fer þannig fram að foreldrar eru með barninu sínu í leikskólann í þrjá daga. Frá 9.00 til 12.00 fyrsta daginn en frá 9.00 til 15.00 hina tvo (þeir sem eru með fulla vistun) og sinna sínum börnum þennan tíma, skipta um bleyju og gefa þeim að borða, leika við þau og eru til staðar. Starfsfólkið sinnir einnig börnunum, kynnist þeim og foreldrum þeirra, á fjórða degi kemur barnið í leikskólann og kveður foreldra sína, einstaka barn þarf lengri aðlögunartíma og er tekið tillit til þess.

## **Foreldrasamstarf**

Í Uglukletti er mikil áhersla lögð á gott samstarf við foreldra. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Samstarf foreldra og leikskóla er mikilvægur liður í velferð barnanna. Sum börn dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum, því er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Í leikskólanum er borin virðing fyrir tíma foreldra og barna og mikilvægi samveru þeirra. Á tímabilinu frá 11.00 til 13.00 getur verið erfitt að taka á móti börnum þar sem matartími og hvíld er á þessum tíma dagsins og biðjum við því foreldra að koma ekki með börnin sín á þeim tíma í leikskólann.

Við viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Boðið er upp á foreldrasamtöl að hausti og vori, en

foreldrum er velkomið að biðja um samtal oftast ef þeir vilja. Foreldrafundur er haldinn að hausti, þar sem vetrarstarfið er kynnt og foreldrafélagið heldur sinn aðalfund.

Vert er að geta þess að starfsfólk leikskólans er bundið þagnarheiti. Allar upplýsingar sem gefnar eru um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarheitið er í gildi þó starfsmaður láti af störfum. Ennfremur bendum við góðfúslega á að foreldrum er ekki heimilt að tala um það sem þeir upplifa eða heyra sjálfir varðandi önnur börn, fjölskyldur þeirra eða starfsfólk þegar þeir koma í leikskólann.

## **Ferilmappa**

Haustið 2011 byrjaði leikskólinn að safna verkum og upplýsingum um öll börn leikskólans í ferilmöppur. Þegar börnin hætta eða útskrifast úr leikskólanum fá þau möppuna með öllu innihaldi til eignar.

## **Að koma og fara**

Það er öryggisatriði fyrir starfsfólk og ekki síst barnið að foreldrar láti ávallt vita þegar komið er með barnið eða það sótt. Foreldrar geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins, eins mun starfsfólk leikskólans hringja ef eitthvað sérstakt kemur upp á.

Ef aðrir en foreldrar koma að sækja barnið er mikilvægt að láta starfsfólkið vita af öryggisástæðum. Börnum yngri en 12 ára er **ekki** heimilt að sækja börn í leikskólann.

## **Foreldrafélag leikskólans**

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag, en það stendur fyrir ýmsum uppákomum, s.s. vorferð og jólaleikriti. Í stjórn foreldrafélagsins eru 5 fulltrúar, formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur, eru þeir kosnir á aðalfundi að hausti. Allir foreldrar eru sjálfkrafa í félaginu þegar barnið hefur leikskólagöngu og greiða árgjald. Óski foreldrar eftir því að vera ekki í félaginu eru þeir beðnir að hafa samband við leikskólastjóra.

Foreldrafélagið innheimtir gjald með greiðsluseðli tvisvar á ári og er það fast gjald fyrir hverja fjölskyldu, óháð því hversu mörg systkini sækja leikskólann."

## **Foreldraráð**

Við leikskólann starfar foreldraráð en samkvæmt lögum sitja að lágmarki þrjú foreldrar í ráðinu, skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og kosið til eins árs í senn. Hlutverk

foreldraráðsins er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.

### **Upplýsingastreymi**

- Vikufréttir eru sendar út í tölvupósti á föstudögum en þar kemur fram upplýsingar um komandi viku.
- Það helsta í starfsemi leikskólans er skrifað á upplýsingatöflurnar í fataklefanum.
- Mánaðarlega er gefið út atburðadagatal þar sem helstu viðburðir ásamt afmælisdögum er skráð.
- Á heimasíðunni eru stuttar fréttir og auglýsingar.
- Karellen kerfið heldur utan um helstu viðburði, myndir, matseðla auk þess sem hægt er að senda skilaboð.

Foreldrar eru hvattir til að kynna sér það starf sem fram fer í leikskólanum. Slóð á heimasíðuna er <http://ugluklettur.leikskolinn.is/>

### **Siðir og venjur**

#### **Afmæli barnanna**

Afmælisdagur barnsins er haldinn hátíðlegur, barnið býr sér til kórónu og samverustund dagsins er tileinkuð afmælisbarninu. Leikskólinn sér um að útvega barninu eitthvað til að bjóða hinum börnunum svo sem popp eða saltstangir.

Við biðjum foreldra um að koma ekki með boðskort í afmæli í leikskólann.

#### **Dagur leikskólans**

Dagur leikskólans er 6. febrúar og er tilgangur hans að kynna leikskólastarfið og skapa jákvæða umræðu. Í tilefni dagsins er bryddað upp á einhverju skemmtilegu.

#### **Þorrablót**

Á þorranum er borðaður þorramatur í leikskólanum og rætt um gamla tíma og gamlar hefðir.

#### **Bollu- sprengi- og öskudagur**

Á þessum dögum höldum við í hefðir og borðum bollur, saltkjöt og baunir og á öskudaginn mega börnin koma í furðufötum og við höldum öskudagsball.

### **Dagur íslenskrar tungu**

16. nóvember ár hvert er dagur íslenskrar tungu. Þann dag sem og aðra daga leggjum við áherslu á íslenskt mál. Nemendur úr Grunnskóla Borgarness koma og lesa fyrir börnin.

### **Hjóladagar**

Á vorin og fram að sumarfrí eru hjóladagar einu sinni í viku. Þá mega börnin koma með hjólin sín og hjálma að heiman. Þeir sem ekki eiga hjól geta komið með önnur leikföng sem hægt er að nota úti.

### **Ömmu- og afa kaffi**

Að vori bjóða börnin ömmum sínum og öfum í heimsókn, þar sem þau geta tekið þátt í daglegu starfi með börnunum.

### **Jólahefðir**

Boðskapur jólanna fléttast inn í starf desembermánaðar. Litlu jólin eru haldin í leikskólanum þar sem við borðum jólamat og svo er haldið jólaball eftir hádegi þar sem foreldrar eru velkomnir að vera með.

Mikil áhersla er lögð á að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft og njóta hátíðarinnar.

### **Strákakaffi**

Á bóndadaginn bjóða börnin feðrum sínum, öfum, bræðrum, frændum og vinum í morgunkaffi.

### **Stelpukaffi.**

Í tengslum við konudaginn bjóða börnin mæðrum sínum, ömmum, systur, frænkum og vinkonum í morgunkaffi.

### **Dótadagur**

Í leikskólanum eru haldnir dótadagar nokkrum sinnum yfir árið. Þessa daga er börnunum velkomið að koma með dót að heiman og leika sér með það í leikskólanum. Aðra daga er gott að hafa dótið heima, en vel merktar bækur mega koma í leikskólann.



## **Samstarf leikskólans við grunnskóla og tómstundaskóla**

Í leikskólanum eru „Fálkar“ hópur þeirra barna sem er á seinasta ári í leikskólanum. Samstarf er við Grunnskóla Borgarness um heimsóknir barnanna þangað. Heimsóknir barnanna eru bæði í stærri hópum og minni og fer það eftir tilefni heimsóknarinnar.

Að vori býður grunnskólinn börnunum í vorskóla og er dagskrá hans kynnt sérstaklega svo og dagskrá tómstundaskóla sem einnig er að vori. Tilgangur heimsóknanna er að börnin kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi.

## **Sérfræðipjónusta**

Börn í leikskólum Borgarbyggðar hafa aðgang að talmeinafræðingi og sálfræðingi sem starfa hjá sveitafélaginu. Sé ástæða til að sækja um slíka þjónustu er það gert í samráði við deildarstjóra og sérkennslustjóra.

## **Hagnýtar upplýsingar**

### **Óhöpp og slys**

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á heilsugæslu ef þörf er talin á.

### **Bleyjur**

Foreldrar þurfa að koma með bleyjur fyrir börnin en aðrar hreinlætisvörur eru til staðar í leikskólanum.

### **Sumarfrí**

Hvert barn skal fara í að minnsta kosti fjögurra vikna samfellt sumarfrí. Fræðslunefnd Borgarbyggðar ákveður sumarlokun fyrir hvert sumar.

### **Skipulagsdagar starfsfólks**

Fimm daga á ári er leikskólinn lokaður vegna skipulagsdaga. Þessir dagar eru settir inn á skóladagatal leikskólans og auglýstir með góðum fyrirvara.

### **Veikindi**

Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og er almennt sú regla að ekki er hægt að hafa börn inni eftir veikinid. **Börnin skulu vera heima í að minnsta kosti 1-2 sólahringa hitalaus áður en þau koma aftur í leikskólann.**

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum.

### **Klæðnaður**

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur. Í fataklefa er kassi fyrir hvert barn fyrir aukaföt en foreldrar þurfa að fylgjast með því að í þeim sé allt sem til er ætlast. Vegna plássleysis í fataklefa biðjum við foreldra að nota frekar kassana en töskur.

Tæma þarf hólfín á föstudögum svo hægt sé að þrifa þau en ekki er þörf á að tæma kassana.

### **Myndavélar**

Í leikskólanum eru reglulega teknar myndir af börnunum og þær settar inn á Karellen kerfið. Foreldrum og öðrum er bannað að taka myndir í skólanum, nema með sérstöku leyfi.

Yfirfarið í janúar 2022

Ábyrgðamaður: Kristín Gísladóttir, leikskólastjóri